

Nú er hreppur mjög afskekktur eða á af öðrum ástæðum sérstaklega óhægt um þátttöku í rekstri læknavitjanasjóðs læknishéraðs, og má ráðherra þá heimila þeim hreppi að vera sér um sjóð. Kys hreppsnefndin tvo menn til að vera í stjórn sjóðsins ásamt hlutaðeigandi hreppstjóra. Að öðru leyti fer um sjóðinn í samræmi við hin almennu ákvæði þessara laga.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og falla jafnframt úr gildi lög nr. 49 27. júní 1941.

Gjört í Reykjavík, 4. júlí 1942.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Jakob Möller.

L Ö G

60

4. júlí

um heimild fyrir ríkisstjórnina að veita Baldri Óla Jónssyni leyfi til að stunda tanndrátt og tannfyllingar.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að veita Baldri Óla Jónssyni leyfi til að stunda tanndrátt og tannfyllingar í sambandi við tannsmíðar sínar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 4. júlí 1942.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Jakob Möller.

L Ö G

61

4. júlí

um málflytjendur.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Héraðsdóms- og hæstaréttarlögmenn eru opinberir sýslunarmenn og hafa skyldur og réttindi samkvæmt því, meðal annars þagnarskyldu um það, er aðili trúir þeim fyrir í starfa þeirra.